

## Bryndís Guðrún Róbertsdóttir

---

**From:** Jóhann Birkir Helgason <jbh@verkis.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 20. júlí 2017 11:55  
**To:** Bryndís Guðrún Róbertsdóttir; Sigurður Ásbjörnsson  
**Cc:** Sigurður Óskarsson  
**Subject:** 16144002-1-TP-0030-Efnistaka í Skutulsfirði  
**Attachments:** Efnist\_Skutulsf\_Nýtt\_efnistökusv\_og\_hnitaskrár.pdf

**Categories:** GoPro.net: Skjalað undir OS2017060006 - Umsókn um leyfi til malartöku af hafsbotni í Álftafirði og Skutulsfirði - Í... (mál)

Sæl Bryndís, hér er kort sem sýnir fyrirhugað efnistökusvæði í Skutulsfirði. Svæðið sem um ræðir er merkt E1-E2-E3-E4

Framkvæmdareitur er hnitasettur í ÍSN93 og með baughnitum í meðfylgjandi gögnum.

Svæðið er minna en 25 þúsund fermetrar.

Gögnin eru einnig send til Skipulagsstofnunar eins og þú óskaðir eftir.

Kveðja




**Jóhann Birkir Helgason**

Útibússtjóri / byggingartæknifræðingur | Branch Office Manager / Civil Engineer B.Sc.  
+354 422 8934 | +354 898 3772 | [jbh@verkis.is](mailto:jbh@verkis.is) | [Skype](#)

---


Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður | +354 422 8000 | [www.verkis.is](http://www.verkis.is)



# EFNISTAKA AF HAFSBOTNI Í SKUTULSFIRÐI

## EFNISTÖKUSVÆÐI

Unnið fyrir Kubb ehf.



\*Hendá Bítölvur, Hólmur og Linnéa, Eilífur (2011) Menniblað um ÍSBÚ Ísafjarðarbajar í Skutulsfirði og önnur hluti Álfhalla. 2011. Netfyrirbærni Verkís hf. X:\61\16144\Hafslögn\malartaka.dwg

**Mynd-1 Fyrirhugaður framkvæmdareitur og efnistökusvæði ásamt fleiru í Skutulsfirði.  
Hnitaskrá fyrir framkvæmdareit og efnistökusvæði má sjá á næstu bls.**



## Hnitaskrár

### Framkvæmdareitur

Tafla -1 Hnitaskrá fyrir framkvæmdarreit, staðsetning reits má sjá á mynd T-02-BREYTT

Staðsetning	ÍSN93	Baughnit
S1	311572 624681	66°03,755' N 23°09,768' V
S2	311638 624486	66°03,652' N 23°09,664' V
S3	312086 624523	66°03,688' N 23°09,075' V
S4	312070 624722	66°03,794' N 23°09,114' V

### Efnistökusvæði

Tafla-2 Hnitaskrá fyrir efnistökusvæði, staðsetning svæðis má sjá á mynd T-02-BREYTT

Staðsetning	ÍSN93	Baughnit
E1	311572 624681	66°03,755' N 23°09,768' V
E2	311638 624486	66°03,652' N 23°09,664' V
E3	311770 624497	66°03,663' N 23°09,490' V
E4	311686 624690	66°03,764' N 23°09,618' V

**Bryndís Guðrún Róbertsdóttir**

---

**From:** Sigríður Laufey Sigurðardóttir <sirry@kubbur.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 20. júlí 2017 12:24  
**To:** Bryndís Guðrún Róbertsdóttir  
**Cc:** jbh@verkis.is; Sigurður Óskarsson  
**Subject:** Umsóknir um malartöku  
**Attachments:** Umsókn um malartöku Álftafjörður.pdf; umsókn um malartöku Skutulsfjörður.pdf

**Categories:** GoPro.net: Skjalað undir OS2017060006 - Umsókn um leyfi til malartöku af hafsbotni í Álftafirði og Skutulsfirði - Í... (mál)

Sæl

Hér koma umbeðnar umsóknir

Kveðja

*Sigríður L. Sigurðardóttir*

**Kubbur ehf**

**Kt. 660606-1650**

Orkustofnun  
Orkugarði  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Ísafirði 1. júní 2017

#### Malartaka af hafsbotni í Skutulsfirði.

Kubbur ehf. á Ísafirði kt. 6606061650 Sindragötu 27, Ísafirði, sækir hér með um leyfi til efnistöku af hafsbotni:

- Innarlega í Skutulsfirði. Áætlað er að dæla upp 10.000 m<sup>3</sup> af efni á árabílinu 2017-2020. Fyrirhugað efnistökusvæði er á 5-14 m dýpi en framkvæmdasvæðið verður minna en 25.000 m<sup>2</sup>. Svæðið er utan netlaga, þ.e.a.s. í meira en 115 m fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði.

Fyrirhuguð efnistaka fellur undir C flokk í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að efnistaka af hafsbotni í Skutulsfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Rétt er að taka fram að mjög erfitt er að afla malarefnis til steinsteypugerðar á norðanverðum Vestfjörðum. Forsenda þess að hægt sé að reka steypustöð á Ísafirði er að það takist að afla malarefnis á svæðinu.

Hér er niðurstaða Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að efnistaka af hafsbotni í Skutulsfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er í C-flokki og var leitað umsagnar hjá Minjastofnun. Formlegt bréf fylgir ekki ákvörðuninni. Yfirlit yfir allar ákvarðanir í c-flokki má finna hér:  
<http://176.10.36.129/umhverfismatskortasja/>

Virðingarfyllt



Sigríður Laufey Sigurðardóttir

Hjálagt:

Efnistaka af hafsbotni í Skutulsfirði, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu



# EFNISTAKA AF HAFSBOTNI Í SKUTULSFIRÐI

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Unnið fyrir Kubb ehf.



VERKNÚMÉR: 16144	DREIFING:
SKÝRSLA NR.:	<input type="checkbox"/> OPIN
DAGS.: 2017-04-11	<input type="checkbox"/> LOKUÐ TIL
BLAÐSÍÐUR: 14	<input type="checkbox"/> HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:

Efnistaka af hafsbotni í Skutulsfirði - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

HÖFUNDAR:

Gunnar Páll Eydal  
Eyrún Pétursdóttir

VERKEFNISSTJÓRI:

Jóhann Birkir Helgason

UNNIÐ FYRIR:

Kubb ehf.

SAMSTARFSADILAR:

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

ÚTDRÁTTUR:

Fyrirtækið Kubb ehf. á Ísafirði áformar efnistöku á mól og sandi af hafsbotni innarlega í Skutulsfirði (mynd 1). Áætlað er að dæla upp 10.000 m<sup>3</sup> af efni á árabílinu 2017 – 2020, ef tilskilin leyfi fást. Fyrirhugað efnistökusvæði er á 5-14 m dýpi en framkvæmdasvæðið verður minna en 25.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Svæðið er utan netlaga, þ.e.a.s. í meira en 115 m fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði og þar af leiðandi utan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarbæjar. Engar lögformlegar skipulagsáætlanir eru því í gildi þar. Helstu umhverfisáhrif vegna efnistöku af sjávarbotni verða röskun á botni efnistökuastaðar. Fyrirhugað efnistökusvæði í Skutulsfirði er mjög nálægt Ísafirði, sem er forn verslunarstaður. Hugsanlegt er því að fornleifar geti leynst á efnistökusvæðinu. Efnistökusvæðið liggur í jaðri hverfisverndaðs svæðis og svæðis á náttúruminjaskrá (leirur). Áhrif á fiskeldi og aðrar nýtingu verða óveruleg.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Efnistaka, stórstraumsfjöruborð, netlög,  
efnisdæling.

LYKILORÐ ENSK:

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

YFIRFARIÐ AF:



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	ii
Myndaskrá .....	ii
Töfluskrá .....	ii
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2 Matsskylda, leyfi og skipulag .....</b>	<b>3</b>
2.1 Matsskylda .....	3
2.2 Leyfi til efnistöku .....	3
2.2.1 Nýtingarleyfi .....	3
2.2.2 Fyrri efnistökuþeyfi í Skutulsfirði .....	3
2.3 Skipulag .....	4
<b>3 Lýsing framkvæmda .....</b>	<b>5</b>
3.1 Afmörkun fyrirhugaðs efnistökusvæðis .....	5
3.2 Gæði og nýting efnis .....	5
3.3 Dæling efnis .....	8
<b>4 Umhverfið og möguleg áhrif .....</b>	<b>9</b>
4.1 Staðhættir .....	9
4.2 Fornleifar .....	9
4.3 Verndarsvæði .....	10
4.4 Önnur nýting og starfsemi .....	10
4.5 Lífríki .....	10
4.6 Landslag og strandrof .....	11
4.7 Samantekt áhrifa .....	12
<b>5 Samráð og kynning .....</b>	<b>13</b>
<b>6 Heimildir .....</b>	

## Myndaskrá

Mynd 1 Fyrirhugað efnistökusvæði Kubbs ehf. í Skutulsfirði .....	2
Mynd 2 Hluti af Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. ....	4
Mynd 3 Fyrirhugað efnistökusvæði í Skutulsfirði frá 2011 ásamt upplýsingum um náttúrufar og landnotkun. ....	6
Mynd 4 Fyrirhugað efnistökusvæði og áður fyrirhugað efnistökusvæði frá 2011 í Skutulsfirði ásamt upplýsingum um náttúrufar og landnotkun. ....	7

## Töfluskrá

Tafla 3-1 Staðsetning efnistökusvæðis í Skutulsfirði. ....	5
Tafla 4-1 Yfirlit yfir helstu áhrifa- og umhverfisþætti. ....	9



## 1 Inngangur

Fyrirtækið Kubbur ehf. á Ísafirði áformar efnistöku malar og sands af hafsbotni innarlega í Skutulsfirði (mynd 1). Áætlað er að dæla upp 10.000 m<sup>3</sup> af mól á tímabilinu 2017 – 2020, ef tilskilin leyfi fást. Fyrirhugað efnistökusvæði er á 5-14 m dýpi en framkvæmdasvæðið verður minna en 25.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Svæðið er utan netlaga, þ.e.a.s. í meira en 115 m fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði, og þar af leiðandi utan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarbæjar. Engar lögformlegar skipulagsáætlanir eru því í gildi þar. Samkvæmt lögum nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum, þ.e. utan netlaga og svo langt sem fullveldisréttur Íslands nær. Samkvæmt sömu lögum þarf að leita heimildar hjá Orkustofnun fyrir efnistöku. Samhliða tilkynningu um efnistöku í Skutulsfirði sendir Kubbur tilkynningu til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar efnistöku við Hattareyri í Álftafirði.


Erfitt er að afla malarefnis til steinsteypugerðar á norðanverðum Vestfjörðum. Kubbur ehf. leigir nú einu starfhæfu steypustöðina í Ísafjarðarbæ og forsenda rekstrarins er að það takist að afla malarefnis á svæðinu. Kubbur sótti árið 2011 um leyfi Orkustofnunar til efnistöku í Skutulsfirði og Álftafirði. Fyrirtækið fékk leyti til efnistöku í Álftafirði sem gildi fram á mitt ár 2015. Stofnunin féllst hins vegar ekki á að leyfa efnistöku í Skutulsfirði, m.a. vegna staðsetningar efnistökusvæðisins og mögulegra neikvæðra áhrifa á fjölbreytilegt lífríki á, í og við leirurnar í botni fjarðarins. Orkustofnun lagði til að efnistökusvæðið yrði fært út á meira dýpi til að minnka líkur á strandrofi og neikvæðum áhrifum á lífríkið.

Tvö önnur fyrirtæki hafa sótt um leyfi til efnistöku í Skutulsfirði. Annars vegar Eyrarsteypan ehf. árið 1997 og hinsvegar Ásel ehf. sem sótti um leyfi til efnistöku í Skutulsfirði og Álftafirði í september 2008. Í febrúar 2009 hafði efnistaka í Skutulsfirði hins vegar verið felld út úr umsókninni. Fyrirtækið fékk því einungis leyfi fyrir efnistöku í Álftafirði.

Efnistaka úr sjó hefur almennt í för með sér röskun á umhverfinu. Hún getur t.a.m. haft áhrif á búsvæði dýra og dýrasamfélög, hrygningarsvæði fiska og jarðmyndanir í sjó.<sup>1</sup> Efnistaka getur einnig haft áhrif á aðra starfsemi, svo sem fiskeldi og kræklingarækt. Áhrifin geta bæði verið til lengri og skemmri tíma.

---

<sup>1</sup> Námur.is. e.d. Efnistaka af hafsbotni. Sótt 25.01.17 af: <http://www.namur.is/undirbuningur-efnistoku/efnistaka-af-hafsbotni/>



Mynd 1 Fyrirhugað efnistökusvæði Kubbs ehf. í Skutulsfirði.



## 2 Matsskylda, leyfi og skipulag

### 2.1 Matsskylda

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um það að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Í 1. viðauka laganna eru taldar upp þær framkvæmdir sem kunna að vera eða eru matsskyldar. Framkvæmdirnar eru flokkaðar í A, B og C og eru framkvæmdir í A flokki ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Í flokki B og flokki C eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir í flokki B eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar, sem ákvarðar í hverju tilviki hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Flokkur C nær til framkvæmda sem liggja neðan viðmiðunarmarka í flokki B og eru því almennt takmarkaðri að umfangi. Þær eru tilkynningarskyldar til viðkomandi sveitarfélags, sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Undantekningar frá þessu eru framkvæmdir á öryggis- og varnarsvæðum og utan netlaga, en þær skal tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort þær skuli háðar umhverfismati.

Fyrirhugað efnistaka fellur undir lið 2.04 en þar segir: Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbötni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m<sup>3</sup>. Þessi liður heyrir undir C flokk og er utan netlaga og því ber Skipulagsstofnun að meta hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### 2.2 Leyfi til efnistöku

#### 2.2.1 Nýtingarleyfi

Um efnistöku af hafsbötni gilda lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbötnsins. Samkvæmt lögnum eru leyfisveitingar í höndum ráðherra en hann hefur, í samræmi við lög, falið Orkustofnun leyfisveitingarvaldið.

Nýtingarleyfi, skv. 3. gr. laganna felur í sér heimild til þess að taka ákveðið magn efnis á ákveðnu afmörkuðu svæði á skilgreindu tímabili. Lög fjalla ekki um eftirlit en litið hefur verið svo á að Orkustofnun sinni eftirliti með útgefnum leyfum í samræmi við lög um Orkustofnun nr. 87/2003.<sup>2</sup>

#### 2.2.2 Fyrri efnistökualeyfi í Skutulsfirði

Iðnaðarráðuneytið veitti Eyrarsteypu ehf. leyfi til efnistöku af hafsbötni Pollsins í Skutulsfirði árið 1997. Leyfið gildi til ársins 2000. Áætlað er að um 10.000 m<sup>3</sup> af efni hafi verið dælt upp úr Pollinum á tímabilinu 1997-2011.

Í febrúar 2011 sótti Kubbur ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbötni í Álftafirði og Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp. Fyrirhugað var að nota efnið til steinsteypugerðar. Umsóknin byggði á ákvæðum laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbötnsins. Orkustofnun óskaði eftir frekari upplýsingum og svaraði Kubbur erindi Orkustofnunar sem í kjölfarið leitaði umsagnar viðeigandi stofnana. Í júní 2011 sendi Orkustofnun Kubbi ehf. niðurstöðu sína vegna umsóknarinnar. Stofnunin féllst ekki á umbeðna efnistöku í Polli Skutulsfjarðar, m.a. vegna mögulegra skaðlegra áhrifa á lífríki í ám, í og við leirurnar í botni fjarðarins, sem eru á náttúruminjasrá. Jafnframt benti stofnunin á að

<sup>2</sup> Orkustofnun. 2010. Árbók VF/TFÍ. Mül og sandur á hafsbötni, takmörkuð gæði.



efnistakan gæti mögulega raskað fornleifum og að upplýsingar um útbreiðslu, þykkt og efnisgæði væru takmarkaðar. Orkustofnun féllst að stærstum hluta á umbeðna efnistöku norðan við Hattareyri í Álftafriði sem Kubbur ehf. sótti um á sama tíma og gaf stofnunin út leyfi þann 16. júní 2011. Leyfið gildi til 1. júlí 2014.

### 2.3 Skipulag

Fyrirhugað efnistökusvæði er í meira en 115 m fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði eða utan svokallaðra netlaga. Umrætt svæði er því utan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarbæjar og því eru engar skipulagsáætlanir í gildi þar. Samkvæmt lögum nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum, þ.e. utan netlaga og svo langt sem fullveldisréttur Íslands nær. Samkvæmt sömu lögum þarf að leita heimildar hjá Orkustofnun fyrir efnistöku.

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir að lögð verði vatnslögn sem þverar fjörðinn. Nánar er fjallað um það í kafla 4. Innsti hluti Skutulsfjarðar er hverfisverndaður samkvæmt aðalskipulaginu.



Mynd 2 Hluti af Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.



### 3 Lýsing framkvæmda

#### 3.1 Afmörkun fyrirhugaðs efnistökusvæðis

Í umsókn Kubbs um efnistöku í Pollinum í Skutulsfirði árið 2011 var óskað eftir leyfi til efnisnáms á 8-10 m dýpi (mynd 3). Eins og áður hefur komið fram féllst Orkustofnun ekki á umbeðna efnistöku. Í umsagnarferlinu gerðu stofnanir ýmsar athugasemdir við tilhögunina og í niðurstöðu Orkustofnunar kom m.a. fram að efnistakan gæti haft skaðleg áhrif á fjölbreytilegt lífríki á, í og við leirurnar í botni Skutulsfjarðar. Til að draga úr líkum á strandrofi lagði Orkustofnun til að efnistakan færi aðallega fram á 10 m sjávardýpi og að ekki yrði farið grynna en á 8 m dýpi og að þar yrði ekki farið lengra en 2 m ofan í sjávarbotninn. Í ljósi niðurstaðna á botnsýnum lagði Orkustofnun jafnframt til að stærsti hluti efnistökkunnar, þ.e. sá sem áætlaður var á 10 m dýpi, yrði utar (austar) en gert var ráð fyrir í umsókn Kubbs ehf.

Í ljósi fyrri athugasemda Orkustofnunar óskar Kubbur ehf. núna eftir leyfi til efnistöku á svæði sem er minna en 25.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Afmarkaður hefur verið framkvæmdareitur sem nær yfir 95.000 m<sup>2</sup> svæði og verður efnistökusvæðið innan reitsins. Hnit fyrirhugaðs framkvæmdareits eru tilgreind í töflu 3-1. Gert er ráð fyrir að efnið verði tekið á 5 m dýpi eða meira. Jafnframt er gert ráð fyrir því að á minnsta dýpi verði efnið ekki sótt lengra en 2 m ofan í hafsbotn. Dæla á efninu upp í þremur áföngum á tímabilinu 2017 - 2020.

Tafla 3-1 Staðsetning efnistökusvæðis í Skutulsfirði.

Staðsetning	ÍS93	Baughnit
S1	311572 624681	66°06,25'N 23°16,28'V
S2	311638 624486	66°06,08'N 23°16,10'V
S3	312086 624523	66°06,14'N 23°15,12'V
S4	312070 624722	66°06,32'N 23°15,19'V

Mynd 3 sýnir fyrirhugað efnistökusvæði Kubbs í Skutulsfirði frá árinu 2011 en mynd 4 sýnir það svæði sem nú er fyrirhugað. Báðar myndirnar sýna auk þess gróflega fæðuöflunarsvæði fugla á leiru í botni Skutulsfjarðar yfir veturinn<sup>3</sup> ásamt svæði sem er á náttúruminjaskrá og svæði sem fellur undir hverfisvernd samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.


#### 3.2 Gæði og nýting efnis

Forsenda þess að hægt sé að reka steypustöð á Ísafirði er að hægt verði að afla malarefnis af hafsbotni til steinsteypugerðar. Mjög erfitt er hins vegar að afla slíks malarefnis á norðanverðum Vestfjörðum.

Í umsóknarferli um efnistöku í Álftafirði og Skutulsfirði árið 2011 benti Orkustofnun á að upplýsingar um malarefni væru af skornum skammti. Að mati stofnunarinnar vantaði ítarlegri upplýsingar um efnið, m.a. til að meta breytileika í efnisgæðum. Fyrirliggjandi berggreining gefur til kynna að malarefnið sé ágætt sem fylliefni í steypu.<sup>4</sup> Endurvarps-mælingar hafa þó ekki verið gerðar til að meta útbreiðslu og þykkt malarefnisins.

<sup>3</sup> Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2011. Minnisblað um lífríki Ísafjarðarpolls í Skutulsfirði og innri hluta Álftafjarðar 2011. Náttúrustofnun Vestfjarða.

<sup>4</sup> Orkustofnun. 2011. Efni: Leyfi til töku malar og sands af hafsbotni norðan við Hattareyri í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi. Reykjavík. Bréf til Kubbs ehf.



Mynd 3 Fyrirhugað efnistökusvæði í Skutulsfirði frá 2011 ásamt upplýsingum um náttúrufar og landnotkun.





### 3.3 Dæling efnis

Sótt verður um leyfi fyrir allt að 10.000 m<sup>3</sup> efnistöku af botni Skutulsfjarðar eins og fram hefur komið. Við efnistöku verður farið eftir þeim ákvæðum sem sett eru í lögum nr. 73 /1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins og þeim reglugerðum sem þar er vísað í, svo sem lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Fáist leyfi fyrir efnistöku mun Orkustofnun setja frekari ákvæði í leyfi sínu.

Fyrirhugað efnistökusvæði mun verða undir 25.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Afmarkaður hefur verið framkvæmdareitur sem nær yfir 95.000 m<sup>2</sup> svæði og verður efnistökusvæðið innan reitsins. Hnit framkvæmdareitsins eru tilgreind í töflu 3-1.

Áhersla verður lögð á að lágmarka umhverfisáhrif við efnistöku, m.a. vegna mengunar og spillingar á lífríki láðs og lagar almennt. Við framkvæmdina verður tekið tillit til og haft samráð við aðra aðila sem eru í nágrenni við efnistökusvæðið og kunna að verða fyrir áhrifum af efnistöku. Fiskeldi og kræklingarækt geta t.a.m. verið viðkvæm fyrir efnistöku ef þau eru nálægt slíkum framkvæmdum. Ekkert fiskeldi og engin kræklingaræktun fer fram innan við Skutulsfjarðareyri og engin leyfi eru í gildi fyrir slíka starfsemi þar. Fjarlægð í næsta fiskeldissvæði er meira en 3 km.

Engar lagnir eru á framkvæmdasvæðinu. Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks skal, samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012), sá sem fyrir því stendur þegar stöðva framkvæmd. Í framhaldinu ber Minjastofnun Íslands að framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Kubbur ehf. mun aðstoða eftirlitsaðila við eftirlit og veita þeim þær upplýsingar sem þeir óska eftir. Kubbur mun reglulega upplýsa Orkustofnun um það magn sem tekið hefur verið, í samræmi við þá skilmála sem verða settir í efnistöku leyfi. Nánar er fjallað um möguleg áhrif efnistökkunnar í næsta kafla.

Efninu verður dælt upp í skip með sérstökum búnaði til uppdælingar á lausum jarðefnum. Rúmmál efnisins verður mælt við uppdælingu. Þegar skipið hefur verið fulllestað verður siglt með efnið á Suðurtanga Skutulsfjarðareyri þar sem það verður haugsett tímabundið og nýtt sem fyllingarefni í steypu og notað eftir þörfum. Skipið tekur 280 m<sup>3</sup> í hverri ferð og tekur hver dæling um 4-5 klst. en siglingin frá Ísafjarðarhöfn tekur um 15 mínútur hvora leið. Áætlað er að efnið verði tekið í þremur áföngum á tímabilinu 2017-2020.

Efnisdælingin fer þannig fram að efninu ásamt sjó er dælt upp í lest dæluskipsins. Efnið er síðan síað frá sjónum og verður eftir í skipinu en sjórinn rennur frá borði. Sjórinn ber með sér fínkornaðasta hlutann af efninu (leðju og silt) í sviflausn og myndast við þetta gruggflekki í kringum skipið. Kornastærð gruggsins er breytileg eftir gerð þess efnis sem dælt er upp og því hvernig uppdælingarbúnaður er notaður. Hversu langt gruggið getur borist og hversu hratt það fellur til botns fer eftir stærð og þyngd korna og straums sjávar.<sup>5</sup>

<sup>5</sup> Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf. 2002. Nám Kalkþörungna úr Arnarfirði. Mat á umhverfisáhrifum.



## 4 Umhverfið og möguleg áhrif

Í töflu 4-1 eru tilgreindir helstu umhverfisþættir og áhrifaþættir fyrirhugaðrar framkvæmdar. Með umhverfisþáttum er átt við þá þætti umhverfisins sem framkvæmdin getur haft áhrif á. Með áhrifaþáttum er átt við þá þætti framkvæmdarinnar sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið.

Tafla 4-1 Yfirlit yfir helstu áhrifa- og umhverfisþætti.

Áhrifaþættir	Umhverfisþættir
Uppdæling efnis	Fornleifar
Skipaflutningur	Verndarsvæði og skipulag
	Sjókviaeldi
	Önnur nýting og starfsemi
	Lífriki
	Landslag og strandrof

### 4.1 Staðhættir

Fyrirhugað efnistökusvæði er innst í Skutulsfirði sem er utarlega í Ísafjarðardjúpi (mynd 1). Skutulsfjörður er grunnur fjörður þar sem dýpi er mest 25 m utarlega en mun grynna með landi og innar í firðinum. Skutulsfjörður er vestastur þeirra fjarða sem ganga suður úr Ísafjarðardjúpi. Innan við Skutulsfjarðareyri, þar sem elsti hluti kaupstaðarins Ísafjarðar stendur, er Pollurinn. Breidd í fjarðarmynni er 3,1 km en fjörðurinn þrengist eftir því sem innar dregur. Lengd fjarðarinnar er um 7,5 km frá fjarðarmynni í botn. Flatarmál hans er tæpir 25 km<sup>2</sup>.<sup>6</sup>

### 4.2 Fornleifar

Fornleifar á botni Skutulsfjarðar hafa ekki verið skráðar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um áætlaða efnistöku í Skutulsfirði árið 2011 kom fram að búast megi við því að fornleifar séu á hafsbotni fjarðarinnar, enda var Eyri, sem nú heitir Ísafjörður, forn verslunarstaður með tilheyrandi skipaumferð. Ekki er þó vitað um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Orkustofnun benti á, í umsögn vegna efnistöku í Skutulsfirði árið 2011, að brýnt væri að Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun) og Ísafjarðarbær myndu ráðast í heildstæða fornleifakönnun við Skutulsfjörð. Það hefur ekki verið gert.

Leitað var til Ragnars Edvardssonar fornleifafræðings við Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík við gerð þessarar tilkynningar og óskað eftir áliti hans á því hvernig hægt væri að nálgast mat á áhrifum framkvæmdanna á fornleifar. Ein leiðin til að kanna hvort fornleifar séu á efnistökusvæðinu er að fara með sónar tæki á svæðið og kanna hvort merki um fornleifar finnist. Ákvörðun um þetta verður að taka í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitendur.

Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks skal framkvæmd þegar stöðvuð samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012). Í framhaldinu ber Minjastofnun Íslands að framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarinnar.

<sup>6</sup>Ísafjarðardjúp. (e.d.). Sótt frá hafrannsóknarstofnun: <http://firdir.hafro.is/firdir-a-land/veftfirdir/isafjardardjud/skutulsfjodur/>



### 4.3 Verndarsvæði

Innsti hluti Skutulsfjarðar er hverfisverndaður í gildandi aðalskipulagi. Fjörur og leirur í botni Skutulsfjarðar eru á náttúruminjaskrá, þ.e. frá ósi Tunguár að vestan að syðri enda flugvallar á Skipeyri að austan. Í náttúruminjaskrá er þeim lýst sem víðáttumiklum lífauðugum leirum með mikið fuglalíf. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um fyrirhugaða efnistöku árið 2011 er vitnað í Agnar Ingólfsson sem rannsakað hefur leirurnar í Skutulsfirði.<sup>7</sup> Agnar telur að friðlýsa eigi leirusvæði Skutulsfjarðar. Hann bendir á að leirurnar í botni Skutulsfjarðar séu óvenju miklar um sig, fjölbreyttar að gerð og lífauðugar og hvergi sé hliðstæðar leirur að finna við sunnanvert Ísafjarðardjúp. Að mati Agnars hefur svæðið mikið fræðilegt gildi sem og útivistargildi vegna fjölbreytts lífríkis og hve aðgengilegt það er til fuglaskoðunar. Verðmæti svæðisins felst m.a. í nálægð þess við byggðina. Fyrirhugað efnistökusvæði liggur fyrir utan leirusvæðið og fyrir utan ytri mörk fæðuöflunarsvæðis fugla eins og sést á mynd 4.

### 4.4 Önnur nýting og starfsemi

**Fiskveiðar:** Engar veiðar fara fram innan Skutulsfjarðareyrar.

**Ferskvatnsfiskveiðar:** Úr umsögn Fiskistofu frá 2011 segir að veiðihagsmunir í Skutulsfirði séu fremur litlir, enda eru flestar ár sem renna til fjarðarins fremur brattar og stuttar. Ríkjandi tegund er bleikja. Miðað við fyrirhugað efnisnám, og í samræmi við umsagnir frá árinu 2011, verður ekki séð að umrædd efnistaka hafi áhrif á framleiðslu ferskvatnsfiska á svæðinu. Fiskistofa gerði ekki athugasemd við leyfisumsóknina árið 2011.

**Fiskeldi:** Í Skutulsfirði eru þrjár aðilar með leyfi til sjókvíaldis en þeir eru allir staðsettir utan við Skutulsfjarðareyri, í meira en 3 km fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði. Grugg vegna uppdælingar og róts á efni getur haft áhrif á fiska í sjókvíaldi ef efnið nær að berast að kvíunum. Grugg frá efnistökusvæðum í efstu metrum sjávar, þar sem fiskeldi á sér stað, nær þó aðeins fáeina hundruð metra frá uppdælingarstað.<sup>8</sup> Öll gildandi eldisleyfi eru utan við Skutulsfjarðareyri og því hefur efnistakan ekki áhrif á eldið. Gæta þarf þess að spilliefni leki ekki frá sanddæluskipum. Sé þess gætt ættu þessi áhrif einnig að vera óveruleg.

**Innviðir og umferð:** Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir vatnslögn sem liggur eftir endilöngum firðinum, úr innanverðum firðinum og að Skutulsfjarðareyri. Um er að ræða lögn fyrir flutning á neysluvatni úr innanverðum firðinum og að hafnarsvæðinu. Fjárfestar hafa verið með hugmyndir um að flytja vatnið út í gámum. Efnistökusvæðið er staðsett þannig að það skarist ekki við fyrirhugaða vatnslögn. Flutningar efnis frá efnistökuastað og að löndunarstað hafa lítil áhrif á aðra skipaumferð.

**Landeigendur:** Fyrirhugað framkvæmdasvæði er utan netlaga og því er íslenska ríkið eigandi malarefnisins skv. lögum nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.

### 4.5 Lífríki

Mikla tegundafjölbreytni er almennt að finna á klettbotni og leirbotni, en minni fjölbreytni finnst á þéttum sandbotni. Mörg botndýr eiga erfiðara með að grafa sig í sandbotn og þar er viðvera næringarefna minni. Malarnám á grunnsvæði getur haft talsverð áhrif á lífríki. Mestu áhrifin verða á sjálfu námusvæðinu þegar efsta botnlaginu, sem inniheldur mest af dýrum, er dælt í burtu til að komast

<sup>7</sup> Orkustofnun. 2011. Efni: Leyfi til töku malar og sands af hafsbotni norðan við Hattareyri í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi. Reykjavík. Bréf til Kubbs ehf.

<sup>8</sup>Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf. 2002. Nám Kalkþörungna úr Arnarfirði. Mat á umhverfisáhrifum.



að nýtanlegu seti. Dælingu sets fylgir einnig gruggmyndun og set frá námasvæði flyst oft til nærliggjandi svæða og getur þannig raskað lífríkinu þar. Erfiðara getur verið fyrir dýr sem búa við botninn að finna fæðu ef botndýr hafa grafist og endurnýjun gengur hægar en áður. Áhrifin eru þó að mestu tímabundin. Við setdælingu geta myndast djúpar gryfjur á botninum sem skapa hættu fyrir lífríkið vegna rofs við gryfjubarmana. Samfélög stærri skeldýra sem grafa sig í botnset eru jafnan lengi að jafna sig á raski.<sup>9</sup>

Eins og áður kom fram eru fjörur og leirur í botni Skutulsfjarðar á náttúruminjaskrá. Við leirurnar er mikið fuglalíf og þær eru mikilvægar fyrir fæðuöflun fugla yfir veturinn, en eru einnig mikið notaðar á vorin og haustin.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umsóknar Kubbs um leyfi til efnistöku í Skutulsfirði árið 2011 er vitnað í Agnar Ingólfsson.<sup>10</sup> Agnar hefur bent á að leirur í botni fjarðarins séu óvenju miklar um sig, fjölbreyttar að gerð, lífauðugar og hvergi hliðstæðar leirur við sunnanvert Ísafjarðardjúp. Orkustofnun hefur, í fyrra umsóknarferli um efnistöku Kubbs í Skutulsfirði, lagt áherslu á að leirunum verði ekki raskað frekar en orðið er.

Í tengslum við fyrri umsókn Kubbs um efnistöku í Skutulsfirði árið 2011 rannsakaði Náttúrustofa Vestfjarða ákveðna líffræðilega þætti vegna áhrifa af mögulegri efnistöku.<sup>11</sup> Greind voru sýni af tveimur stöðum sem eru nálægt fyrirhuguðu efnistökusvæði. Í sýni af 3,8 m dýpi var mól, sandur, leðja og gróður og í sýni sem var tekið á um 9,4 m dýpi var svört leðja sem bar keim af lífrænni uppsöfnun. Í greinargerð frá Orkustofnun frá 16.6. 2011 er talað um rannsóknir Náttúrustofunnar. Að mati Náttúrustofu Vestfjarða „gæti botndýrasamfélagið verið fjölbreytt næst landi, en einungis 170 m eru á milli stöðvanna, svo að getur verið þónokkur munur á botndýrasamfélögum á litlu svæði. Ef efnistaka er nálægt leirum er því hætt við að eitthvað af fæðuöflunarsvæðinu raskist. Einnig er hugsanlegt að botnskrið verði. Ef efnistökuvæðið yrði aftur á móti fært um 50-100 m fjær landi, þá yrði efnistakan aðallega þar sem vænta mætti þess að botndýrasamfélagið væri fábreyttara.“ Fyrirhugað efnissvæði nú liggur töluvert utar en fyrirhugað efnistökusvæði frá árinu 2011 eins og sést á mynd 3. Mynd 3 sýnir einnig sýnatökusvæðin. Endurvarpsmælingar hafa ekki verið gerðar til að meta útbreiðslu og þykkt malarefnisins í botni fjarðarins.

#### 4.6 Landslag og strandrof

Efnistaka af hafsbotni breytir hafsbotninum óhjákvæmilega en hefur ekki áhrif á ásýnd svæðisins séð frá landi. Þegar efni er tekið af hafsbotni nærri landi getur það haf áhrif á nálægar strendur með ýmsum hætti. Efni getur skolast úr fjörum og niður í neðansjávargryfjur sem myndast gjarnan við efnistöku. Efnistakan getur haft áhrif á öldufar og afl öldunnar þegar hún brotnar í aðliggjandi fjörum. Þegar sjávardýpi eykst vegna efnistöku getur hún einnig dregið úr skjóláhrifum hafsbotns.<sup>12</sup>

Í umsögn Siglingastofnunar Íslands um umsókn Kubbs vegna efnistöku í Skutulsfirði árið 2011 lagði stofnunin til að efnistaka færi aðallega fram á 10 m dýpi og ekki á minna en 5 m dýpi. Jafnframt var lagt til að ekki yrði farið lengra en 2 m ofan í botninn á grynsta hlutanum. Siglingarstofnun útilokaði ekki að gerðar yrðu athugasemdir síðar ef vart yrði við strandrof sem rekja mætti til efnistöku.<sup>13</sup>

<sup>9</sup> Hjalti J. Guðmundsson, Sigurður Ásbjörnsson og Svava Steinarsdóttir. Jarðefnanám á Faxaflóa. Greinargerð til Umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

<sup>10</sup> Orkustofnun. 2011. Efni: Leyfi til töku malar og sands af hafsbotni norðan við Hattareyri í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi. Reykjavík. Bréf til Kubbs ehf.

<sup>11</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Callo og Þorleifur Eiríksson. Botnsýnataka í botni Álfta- og Skutulsfjarðar 5. Apríl 2011.

<sup>12</sup> Landsvirkjun. e.d. Efnistaka af hafsbotni. <http://www.namur.is/undirbuningur-efnistoku/efnistaka-af-hafsbotni/>. Sótt 18.01.2017

<sup>13</sup> Orkustofnun. 2011. Leyfi til töku malar og sands af hafsbotni norðan við Hattareyri í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi. Reykjavík. Bréf til Kubbs ehf.



#### 4.7 Samantekt áhrifa

Helstu umhverfisáhrif vegna efnistöku af sjávarbotni verða röskun á botni efnistökuastaðar. Fyrirhugað efnistökusvæði í Skutulsfirði er mjög nálægt Ísafirði, sem er forn verslunarstaður. Hugsanlegt er því að fornleifar geti leynst á efnistökusvæðinu. Líffræðingar hafa bent á mikilvægi þess að friðlýsa leirusvæði Skutulsfjarðar (Agnar Ingólfsson, sjá erindi Orkustofnunar til Kubbs í júní 2011).<sup>12</sup> Fyrirhugað efnistökusvæði liggur fyrir utan leirusvæðið og fyrir utan ytri mörk fæðuöflunarsvæðis fugla. Efnistökusvæðið liggur talsvert lengra frá leirusvæðinu í botni Skutulsfjarðar en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir árið 2011. Vænta má að botndýralíf sé fábreyttara þar en innar. Engar fiskveiðar fara fram innan Skutulsfjarðareyrar og veiðihagsmunir ferskvatnsveiða eru fremur litlir. Fyrirhugað efnistökusvæði er í nokkurri fjarlægð frá fiskeldi í Skutulsfirði og kemur því ekki til með að hafa áhrif á þá starfsemi. Með því að sækja efni af hafsbotni dregur úr efnistöku á landi en henni fylgja flutningar með tilheyrandi mengun, hávaða og raski.



## 5 Samráð og kynning

Þegar upphafleg umsókn um efnistöku í Álftafirði og Skutulsfirði var gerð árið 2011 gáfu eftirfarandi aðilar umsagnir un þá fyrirhugaða efnistöku:

- Ísafjarðarbær
- Fornleifavernd Ríkisins
- Umhverfisstofnun
- Fiskistofa
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Siglingastofnun Íslands
- Hafrannsóknarstofnun
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Súðavíkurreppur

Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar ber henni að leita umsagna leyfisveitanda og annarra skv. reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 713/2015. Skipulagsstofnun skal kynna almenningi niðurstöðu sína með auglýsingu í dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan viku frá því að ákvörðun um matsskyldu liggur fyrir.

Við gerð tilkynningarinnar hefur Kubbur haft samband við eftirtalda aðila:

*Orkustofnun* var tilkynnt í tölvupósti þann 14.2. 2017 um áform Kubbs um efnistöku í Skutulsfirði og Álftafirði. Jafnframt var spurt hvort fyrir lægju ný gögn eða upplýsingar sem nýst gætu við gerð tilkynningar og umsóknar um efnistöku. Orkustofnun svaraði þann 16.2. og í svarinu kom m.a. fram að stofnuninni væri ekki kunnugt um nýjar rannsóknir á jarðefnum í fjörðunum tveimur.

*Ísafjarðarbæ* var tilkynnt um áform Kubbs um efnistöku í Skutulsfirði með tölvupósti þann 14.2. 2017 til skipulags- og byggingafulltrúa. Jafnframt var spurt hvort fyrir lægju ný gögn eða upplýsingar sem nýst gætu við gerð tilkynningar og umsóknar um efnistöku.

*Náttúrustofu Vestfjarða* var sendur tölvupóstur þann 7.2. 2017. Spurt var hvort stofunni væri kunnugt um ný gögn sem gætu nýst við gerð tilkynningar og umsóknar um efnistöku. Tölvupóstinum var svarað þann 9.2. Ekki bárust ný gögn frá stofunni.

Leitað var til *Ragnars Edvardssonar* fornleifafræðings við Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík. Óskað var eftir áliti hans á því hvernig væri hægt að fjalla um og nálgast fornleifar við gerð tilkynningarinnar og leyfisumsóknar. Ragnar svaraði fyrirspurninni eins og nánar er fjallað um í kafla 4.2.

Leitað var til *Skipulagsstofnunar* í lok október 2016. Spurt var hvort til væru sambærilegar tilkynningar og Kubbur áformaði að vinna. Jafnframt var leitað álits á framsetningu tilkynningarinnar. Til svara var Hólfríður Bjarnadóttir.



## 6 Heimildir

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2011. Minnisblað um lífríki Ísafjarðarpolls í Skutulsfirði og innri hluta Álftafjarðar 2011. Náttúrustofnun Vestfjarða.

Böðvar Þórisson, Cristian Callo og Þorleifur Eiríksson. 2011. Botnsýnataka í botni Álfta- og Skutulsfjarðar 5. Apríl 2011. Náttúrustofna Vestfjarða.

Hjalti J. Guðmundsson, Sigurður Ásbjörnsson og Svava Steinarsdóttir. 2000. Jarðefnanám á Faxaflóa. Greinargerð til Umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Greinargerðin er viðauki við greinargerðina Kollafjörður: Efnistaka af Hafsbötni 2006-2016. Tilkynning til Skipulagsstofnunar. Jarðfræðistofa Kjartan Thors ehf. Nóvember 2005.

Ísafjarðardjúp. (e.d.). Sótt frá hafrannsóknarstofnun: <http://firdir.hafro.is/firdir-a-island/vestfirdir/isafjardardjud/skutulsfjordur/>

Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf. 2002. Nám Kalkþörungna úr Arnarfirði. Mat á umhverfisáhrifum.

Landsvirkjun. e.d. Efnistaka af hafsbötni. <http://www.namur.is/undirbuningur-efnistoku/efnistaka-af-hafsbotni/>. Sótt 18.01.2017

Námur.is. e.d. Efnistaka af hafsbötni. Sótt 25.01.17 af: <http://www.namur.is/undirbuningur-efnistoku/efnistaka-af-hafsbotni/>

Orkusstofnun. 2010. Árbók VFÍ/TFÍ. Mül og sandur á hafsbötni, takmörkuð gæði.

Orkusstofnun. 2011. Efni: Leyfi til töku malar og sands af hafsbötni norðan við Hattareyri í Álftafirði í Ísafjarðardjúpi. Reykjavík. Bréf til Kubbs ehf.